

# Drottinn Kristur kominn er

Guðmundur Guðmundsson

Guðmundur Guðmundsson

The musical score is written for piano in G major and 4/4 time. It consists of four systems of music, each with a vocal line and a piano accompaniment. The lyrics are in Icelandic. The first system starts with a piano (*mp*) dynamic. The second system starts with a mezzo-forte (*mf*) dynamic. The third system starts with a forte (*f*) dynamic. The fourth system starts with a *rit.* (ritardando) marking. The score ends with a double bar line.

1. Drott-inn Krist-ur kominn er, klukk-ur slá til tíð-a.  
Mar-í-a í skaut-i sér Son Guðs ber hinn frið-a.  
Oss til heill-a held-ur sú hlýð-in Drott-ins leið-ir.  
Frels-ar-ann hún fæð-ir trú, faðm út barn-ið breið-ir.

2. Guð er barn í fátækt fætt,  
fyrirheitin rætast.  
Móður faðmur Guðs fær gætt,  
Guð og heimur mætast.  
Vex á þyrnirunna rós,  
roðnar jurtin smáða.  
Lífsins gáta gerist ljós;  
Guð upp reisir þjáða.

3. Önd vor mikli Drottins dáð,  
dýrðleg stjarna ljómar,  
ást Guðs birtist, eilíft ráð,  
englasöngur hljómar:  
"Dýrð sé Guði' í upphæðum,  
og með mönnum friður."  
Drottinn hár af himninum  
hingað stígur niður.

4. Koma' að jötu konungar,  
Kristi lúta vilja.  
Hirðar Guð sinn hylla þar,  
heit Guðs engla skilja.  
Allir dýrka Drottinn nú,  
dýrðar hátíð halda.  
Krist vorn Drottinn tignar trú  
tíðargjörð allra alda.